

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 26. nóvember 2010

Efni: Umsögn um þskj. 217 — 200. mál á 139. löggjafarþingi 2010–2011

1. ALMENNT

Með þeim breytinginum sem boðaðar eru í þessu frumvarpi er enn verið að auka álögur á fyrirtæki og einstaklinga. Deloitte telur það ganga gegn hagsmunum fyrirtækja að auka skattbyrði þeirra með neikvæðum ávinningi. Fyrirtæki, sem að öðru leyti væru tilbúin til fjárfestinga hérlandis sjá að óstöðugt skattaumhverfi og hækkun skatta, eykur beinan kostnað fyrirtækja og takmarkar fjárfestingagetu þeirra til þátttöku í nýjum verkefnum, gerir fjárfestingaumhverfið ekki heppilegt, hvorki fyrir innlenda eða erlenda aðila, sem vilja fjárfesta hérlandis. Þrátt fyrir að skilningur sé um að íslenska ríkið þurfi viðbótartekjur, þá mega auknar skattheimtur ekki leiða til þess að hvati einstaklinga og fyrirtækja til neyslu og fjárfestinga verði minni. Þá ber að benda á að sú hækkun sem nú er boðuð er önnur hækkunin á skömmum tíma. Skattar fyrirtækja hafa hækkað úr 15% í 18% og nú aftur er boðuð hækkun í 20%. Samtals nemur hækkunin liðlega 33% á tveimur árum. Það er mikil hækkun í 2,6% verðbólgu.

Hér á eftir eru raktar helstu athugasemdir Deloitte við frumvarpið, eftir því sem við á.

2. EINSTAKIR KAFLAR

I., II., III. KAFLI

Í umsögn þessari verða kaflar I, II og III teknir saman þar sem sömu sjónarmið eiga við í þeim báðum. Um er að ræða breytingu á lögum um tekjuskatt í I. kafla, breytingu á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur í II. kafla og breytingu á lögum um skattlagningu kaupskipaútgæðar í III. kafla.

Hér eru tillögur frumvarpsins á þá leið að hækka áður tilgreinda prósentuupphæð, sem leiðir til aukinnar skattheimtu á fyrirtæki.

Með því að hækka tekjuskattshlutfall lögaðila úr 18% í 20%, fjármagnstekjur og arðgreiðslur um sömu prósentuupphæð, verður það síður áhugaverður kostur að setja fjármagn í fjárfestingar og nýsköpun. Aukin skattbyrði leiðir til þess að samkeppnishæfni Íslenskra fyrirtækja rýrnar, sem og landið í heild sem valkostur. Það hægir á hjólum atvinnulífsins, þar sem fyrirtæki hafa ekki umfram fjármagn til aukinna framkvæmda eða þróunar. Þá gengur þessi aðferð gegn skýrslu OECD frá júlí 2008, þar sem staðfest var að tekjuskattur hefði neikvæð áhrif á hagvöxt. Það

hefur verið bent á að hár virkur tekjuskattur fyrirtækja leiði til mikillar svartrar starfsemi.¹ Samkvæmt sömu heimildum hefur verið bent á að samsvörun sé í minnl fjárfestingum í iðnaði og hækkun tekjuskatts. Því vakna spurningar um hvort fyrirtæki, sem enn eru með eðlilegan rekstur séu ekki komin upp fyrir þolmörk sín við þær aðstæður sem ríkja á Íslandi um þessar mundir. Flest þau fyrirtæki, sem geta flokkast undir „arðbær“ hafa lagt mikla vinnu í endurskipulaggingu, með það að markmiði að lækka kostnað til að geta hafið nýja sókn. Með aukinni skattheimtu á flestum sviðum rekstrar hefur hagræðingu sem náðst hefur, verið vikið til hliðar með lagasetningu um aukna skattheimtu, vörugjaldi og öðrum álögum, svo sem með hærra eldsneytisverði. Til að fyrirtæki geti komist af stað aftur eftir áföll undanfarinna tveggja ára er nauðsynlegt að skapa svigrúm til að fyrirtæki sjái hag af fjárfestingum, sem skapa störf og verðmæti fyrir þjóðarbúið. Hækkun skatta er ekki ein af þeim ráðstöfunum sem skapa það umhverfi. Nýlega hefur mikil umfjöllun verið um Írland, sem hefur farið í gegnum fjárhagsvanda sem líkt er við Ísland. Samkvæmt yfirlýsingu Írskra stjórnvalda telja þeir sér til tekna að hækka ekki skatta á lögaðila, sem verður áfram 12,5%.

Þegar auðlegðarskatturinn sem settur var á með lögum nr. 128/2010 um breytingar á tekjuskattslögum var til umfjöllunar lagði Deloitte fram umsögn sem laut m.a. að því að benda á erfiðleika til öflunar upplýsinga vegna skorts á aðgangi að gögnum t.d. hjá erlendum hlutafélögum. Einnig má benda á að enn frekar er þrengt að þeim sem hafa eitthvað fé á milli handanna í formi eigna. Viðmiðunarmarkið hefur verið lækkað og skattprósenta hækkuð. Það verður, við þessar kringumstæður að hafa í huga það sem áður er vikið að með samkeppnishæfni landsins og vilja þeirra sem hafa fjármagn til framkvæmda. Að auka skattheimtu með þessu móti er letjandi og kallar á að þeir sem þó hafa einhverjar eignir skoði aðra valmöguleika. Það verður að benda á að sú breyting sem boðuð er á auðlegðarskatti býður heim þeim valkosti fyrir hjón að skilja og fá þannig lægri skatta hvort um sig. Það gengur gegn meginhugsuninni um fjölskylduna sem eina af stoðum þjóðfélagsins. Það er vondur valkostur, en því miður raunhæfur

IV. KAFLI

Sú breyting sem lögð er til á lögum um erfðafjárskatt er 100% hækkun á skattprósentu frá því sem nú er. Fyrir utan það að erfðafjárskattur er í eðli sínu ósanngjarn skattur, þar sem sömu verðmætin eru skattlögð öðru sinni við það eitt að einstaklingur deyr, þá er hækkunin ekki í takt við aðrar hækkunir sem tilgreindar eru í þessu frumvarpi. Það liggja ekki málefnaleg rök fyrir þessari hækkun, sem einungis mun lenda á einstaklingum. Þótt reynt sé að klóra yfir hækkunina með því að hækka fríeignarmörkin um kr. 500.000, þá er ekki nógu langt gengið í mati á fríeignarmarkinu. Verðlag hefur hækkað mun meira en sem nemur þessari leiðréttingu.

V., VI., VII., VIII., IX KAFLI

Hér eru tekin saman í umsögn breytingarákvæði laga um gjald á áfengi og tóbak, laga um umhverfis og auðlindaskatt, laga um olúgjald og kílómetragjald og laga um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti ofl.

¹ Skattkerfi atvinnulífsins, Fjárfesting-Atvinna-Lífskjör, tillögur til umbóta september 2010, Skýrsla gefin út af Samtökum atvinnulífsins og Viðskiptaráði í september 2010, bls. 24-25

Þessar breytingartillögur eru allar á þann veg að auka skattheimtu og álög á ákveðna þætti sem koma mismunandi þungt niður á ákveðnum fyrirtækjum. Munurinn felst aðallega í því hvaða hræfni viðkomandi fyrirtæki notar mest í sinni þjónustu.

Hér munar verulega um boðaða hækkun á eldsneyti. Boðuð er; hækkun á kolefnisgjaldi á hvern lítra bensíns og dieselolíu í lögum um umhverfis- og auðlindaskatt, hækkun á olúgjaldi sem og kílómetragjaldi í lögum um olúgjald og kílómetragjald og boðuð er hækkun á vörugjaldi á eldsneyti. Sumt af þessu er réttlætt með tilliti til almennra verðlagsbreytinga sem er forsenda fjárlagafrumvarpsins. Þetta kemur hins vegar sem beinn aukinn kostnaður fyrir fyrirtæki sem hafa bílafloata svo sem hópferðabíla, sem leiðir til hækkunar á þjónustu.

Flugfélög er stórnotendur eldsneytis og munu því ekki fara varhluta af þessari hækkun. Samkeppnisstaða Íslands verður verri með hækkun af þessu tagi, en þegar ferðamaður hugsar um hvert eigi að fara í frí er verð oft ákvörðunarástæða um áfangastað, bæði til og frá landinu og kostnaði við uppihald, meðan á fríi stendur. Þótt Ísland skarti fagurri náttúru, þá hafa mörg nágrannalönd okkar einnig töluvert aðdráttarafi, svo sem Noregur og Skotland. Við erum því ekki ein um hituna og því skiptir samkeppnihæfni landsins miklu máli.

Eldsneyti er verulegur þáttur í kostnaði við að koma ferðamanni til Íslands og einnig eftir að hann er kominn, hvort heldur það er með áætlunarbílum eða hvort hann aki um á bílaleigubíl. Þess vegna er óheppilegt að hækka skatta á eldsneytis.


Í ferðaþjónustu, þar sem verð eru gefin með árs fyrirvara getur hækkun af þessum toga leitt til þess að fyrirtæki eigi erfiðara að ná endum saman. Ferðaþjónustan skilaði um 155 milljörðum króna í þjóðarþúið 2009. Með því að þrengja að fyrirtækjum í þessari þjónustu aukast líkur á að ferðamenn leiti ananrra leiða til ferðalaga sem þá leiðir til minni tekna af ferðaþjónustu.


X. KAFLI

Í þessu kafla er fjallað um breytingar á lögum um Ríkisútvarpið og hækkun á „nefskatti“ vegna tekna Ríkisútvarpsins. Telja verður þetta afar sérstakan skatt, þar sem í raun er um tvítekningu skattsins að ræða hvað lögaðila varðar. Allir vinnandi menn, sem eru starfsmenn lögaðilanna greiða þennan skatt sem einstaklingar og með því að skattlagning er einnig lögð á lögaðila þá er um tvítekningu skattsins að ræða.

Deloitte er tilbúið til að veita frekari aðstoð og skýringar ef þess verður leitað.

Virðingarfyllst
f.h. Deloitte


Vala Valtýsdóttir
Forstöðumaður
Skatta- og lögfræðisviðs


Pétur Steinn Guðmundsson
Lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisviði